

42

14. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvorandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsg. óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.